

**Hekluskógar**

**14 243**

**Ársreikningur 2019**

## **Efnisyfirlit**

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Hekluskógar**

**Kt. 500907-0530**

**Austurvegur 1-3, 800 Selfoss**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hekluskógar er ríkisaðili í A-hluta sem hefur það að hlutverki að endurheimta birkiskóga og víðikjarr í nágrenni Heklu sem minnka myndu vikurfok í kjölfar gjóskugosa úr eldfjallinu. Verja þar með lönd í nágrenni fjallsins fyrir jarðvegseyðingu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 17 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 37,5 milljónir og afkoma kr. -5,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -7,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 8,6 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Hekluskóga í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Hekluskóga fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Hrönn Guðmundsdóttir,  
verkefnastjóri Hekluskóga

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	31.500.000	36.900.000
Seld þjónusta .....	3	4.368.390	0
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	774.434	2.908.016
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	848.007	887.415
<b>Tekjur samtals</b>		<u>37.490.831</u>	<u>40.695.431</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	5.772.739	5.596.198
Annar rekstrarkostnaður .....	6	36.581.444	34.775.138
Afskriftir .....	7	848.007	887.415
<b>Gjöld samtals</b>		<u>43.202.190</u>	<u>41.258.751</u>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		(5.711.359)	(563.320)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		<u>(10.493)</u>	<u>(18.876)</u>
		(10.493)	(18.876)
<b>Afkoma ársins</b>		<u><u>(5.721.852)</u></u>	<u><u>(582.196)</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		27	99.746
Farartæki og vélar .....		4.075.698	4.823.986
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>4.075.725</u>	<u>4.923.732</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	4.368.390	0
Handbært fé .....		109.013	2.452.681
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>4.477.403</u>	<u>2.452.681</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>8.553.128</u>	<u>7.376.413</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	10		
Hrein eign .....		(7.698.350)	(1.976.498)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>(7.698.350)</u>	<u>(1.976.498)</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	10.244.740	450.513
Viðskiptaskuldir .....		1.645.996	3.792.527
Ýmsar skammtímaskuldir .....	11	415.589	316.711
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	12	3.945.153	4.793.160
<b>Skuldir samtals</b>		<u>16.251.478</u>	<u>9.352.911</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>8.553.128</u>	<u>7.376.413</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(5.721.852)	(582.196)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	848.007	887.415
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		<u>(848.007)</u>	<u>(887.415)</u>
		(5.721.852)	(582.196)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		<u>(2.047.653)</u>	580.061
		(2.047.653)	580.061
		<u><u>(7.769.505)</u></u>	<u><u>(2.135)</u></u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	<u>0</u>	<u>(130.572)</u>
		0	(130.572)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		<u>5.425.837</u>	<u>(624.447)</u>
		5.425.837	(624.447)
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(2.343.668)	(757.154)
		<u>2.452.681</u>	<u>3.209.835</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u><u>109.013</u></u>	<u><u>2.452.681</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjáráskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.



## Skýringar

	2019	2018
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	31.500.000	36.900.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	848.007	887.415
	<u>32.348.007</u>	<u>37.787.415</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	31.500.000	0	0	31.500.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>31.500.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>31.500.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum ...	(37.221.852)	0	0	(37.221.852)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(5.721.852)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(5.721.852)</b>

	2019	2018
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Verksala .....	4.368.390	0
	<u>4.368.390</u>	<u>0</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	669.208	2.400.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	0	500.000
Ýmsar tekjur .....	105.226	8.016
	<u>774.434</u>	<u>2.908.016</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	4.580.801	4.169.626
Orlof, breyting .....	27.282	198.822
Launatengd gjöld .....	1.164.656	1.227.750
	<u>5.772.739</u>	<u>5.596.198</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	0,5	0,5

## Skýringar

	2019	2018
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	9.800	32.362
Ýmis tæki og áhöld .....	210.180	13.410
Orkugjafar .....	500.710	540.825
Almennar rekstrarvörur .....	1.916	2.827.374
Vörukaup, almenn	722.606	3.413.971
Vörur til landbúnaðar, ræktunar og útgerðar .....	19.769.612	13.819.724
Vörukaup, sérgreind	19.769.612	13.819.724
Fundir, námskeið, risna .....	46.935	9.500
Ferðir, uppihald .....	72.350	47.605
Akstur .....	90.510	0
Sérfræðiþjónusta .....	83.082	173.249
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	4.053	4.174
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	11.160	11.036
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	17.415	7.350
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	325.505	252.914
Afnotagjöld .....	188.440	266.823
Leigugjöld .....	0	550.000
Notkun véla og flutningatækja .....	147.560	179.180
Verkkaup .....	14.504.982	15.133.198
Tryggingar, lögboðnar .....	251.207	239.597
Opinber gjöld .....	74.562	8.300
Tilfærslur .....	596.970	911.431
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	15.763.721	17.288.529
Annar rekstrarkostnaður samtals	36.581.444	34.775.138
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	99.719	99.713
Farartæki og vélar .....	748.288	787.702
	848.007	887.415

## Skýringar

### 8 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2019	31.12.2018
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	27	99.746
Farartæki og vélar .....	4.075.698	4.823.986
	4.075.725	4.923.732

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 1.1.2019 .....	299.172	7.921.319	8.220.491
	299.172	7.921.319	8.220.491
Afskriftir 1.1.2019 .....	199.426	3.097.333	3.296.759
Afskrift ársins .....	99.719	748.288	848.007
	299.145	3.845.621	4.144.766
Staða 31.12.2019 .....	27	4.075.698	4.075.725

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	4.368.390	0
	4.368.390	0

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	10.208.840	429.416
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	35.900	21.097
	10.244.740	450.513

### 10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

**Hrein eign**

Jöfnuður 1.1. ....	(1.976.498)	(1.394.302)
Afkoma ársins .....	(5.721.852)	(582.196)
Jöfnuður 31.12. ....	(7.698.350)	(1.976.498)

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

## Skýringar

### 11 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Ógreitt orlof .....	343.993	316.711
Ógreidd laun .....	41.230	0
Önnur ógreidd gjöld .....	30.366	0
	<u>415.589</u>	<u>316.711</u>

### 12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	4.075.725	4.923.732
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) . . . . .	(130.572)	(130.572)
	<u>3.945.153</u>	<u>4.793.160</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019 .....	4.923.732	(130.572)	4.793.160
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(848.007)	0	(848.007)
	<u>4.075.725</u>	<u>(130.572)</u>	<u>3.945.153</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 0,7 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

### 13 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga vegna plöntu- og áburðarkaupa og ótímabundin þjónustusamning vegna hugbúnaðar. Árlegar greiðslur vegna plöntu- og áburðarkaupa nema 13,5 milljónum kr. og vegna hugbúnaðar 0,2 milljónum kr.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.